

## Hulda Kristjánsdóttir


---

**From:** Landsbyggðin lifi <landsbyggdinlifi@gmail.com>  
**Sent:** miðvikudagur, 5. mars 2025 00:13  
**To:** Sveitarstjóri Flóahrepps  
**Subject:** Fyrirspurn um samstarf.  
**Attachments:** Bréf til sveitafélaga v CLS feb 2025.docx

Góðan dag.

Meðf. er bréf þar sem leitað er eftir samstarfi við sveitarfélög vegna norræns verkefni sem kallast " Coming, Staying, Living.

Bestu kveðjur  
f.h. Landsbyggðin lifi - LBL  
Hildur og Stefanía



Reykjavík 4. mars 2025

Til Sveitastjórnar

**Efni: Leitað eftir samstarfi**

Samtökin Landsbyggðin lifi leita eftir samstarfi við sveitafélög í dreifbýli vegna þátttöku samtakanna í samstarfsverkefninu „Coming, Staying, Living – Ruralizing Europe“. Verkefnið leitast við að efla byggð í dreifbýli og smærri samfélögum með áherslu á grunnþjónustu, sjálfbærni og samfélagsþol. Verkefnið er unnið í samstarfi við Finnland, Svíþjóð og Danmörku og fellur vel að áherslum Norðurlandaráðs um þróttmikil og sjálfbær samfélög þar sem fólk vill búa og starfa.

Lykilatriði í verkefnið er að skapa vettvang fyrir **samtal milli íbúa og stjórvalda**, þar sem stefnumótun um þróun byggðalaga hlýtur að byggjast á reynslu og þörfum heimamanna. Með því er hægt að tryggja að sveitarfélög þróist í takt við væntingar íbúa og aðlaðandi umhverfi sé til staðar fyrir nýja íbúa á öllum aldri, sem er lykilþáttur í að tryggja endurnýjun íbúa og sjálfbæra þróun til framtíðar.

Þátttaka í verkefni mundi veita ykkur tækifæri til að deila reynslu og læra af samstarfsaðilum á Norðurlöndum um hvernig hægt er að efla búsetugæði, samþættingu nýbúa, lýðræðislega þátttöku og aðgengi að grunnþjónustu í dreifbýli.

Stefnan er að vinna með 3-5 sveitarfélögum og mun vinnuframlag þeirra aðallega vera í formi funda þar sem fjallað verður um áskoranir og lausnir á viðkomandi stað. Niðurstöður þessara funda verða síðan notaðar til að leita leiða öllum hagsmunaaðilum til góðs.

Haldnir verða veffundir og málþing í öllum fjórum löndunum þar sem valin verða þau málefni sem brýnast þykja. Nordregio og Rannsóknarstofnun háskólans á Akureyri verða til ráðgjafar og munu aðilir frá þeim vera á málþingunum.

Landsbyggðin lifi voru stofnuð árið 2001 að hvatningu Hela Norden Ska Leva sem hagsmunasamtök til taka þátt í norrænu og evrópusku samstarfi og höfum við síðan tekið þátt í mörgum verkefnum, m.a. evrópska dreifbýlisþinginu ERP.

Við vonum að sveitarfélagið sjái tækifæri í þessu verkefni og hvetjum ykkur til að hafa samband.

Virðingarfyllst,

Hildur Þórðardóttir, formaður LBL, S. 692-1909  
Stefanía V. Gísladóttir, varaformaður LBL, S. 866-2977